

Skrifstofa Alþingi – nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

03.07.2023

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, Þingskjal 410 – 383. mál.

Kæru nefndarmenn,

Fyrir hönd AECO – Samtaka leiðangursskipa á norðurslóðum, sem svar við fyrrnefndri tillögu.

AECO óskar eftir þátttöku/aðkomu að vinnuhópnum sem falið er að móta stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa á Íslandi.

AECO eru alþjóðleg samtök fyrir skipafélög leiðangursskipa sem sigla um norðurslóðir, þar á meðal Ísland. Markmið okkar eru að tryggja umhverfisvæna, örugga og tillitssama ferðamennsku og það gerum við með því að búa til leiðbeiningar, staðla og verkfæri fyrir meðlimi okkar. Samtökin eru með 65 alþjóðlega meðlimi, þar af um 40 skipafélög, sem samanlagt reka tæplega 50 skip, sem taka 13 – 500 farþega.

Árið 2023 hafa 20 meðlimir AECO, með 37 mismunandi skipum, áform um 150 siglingar með viðkomum á Íslandi. Samanlagður fjöldi farþega í þessar ferðir er um það bil 26000-29000. Siglingar leiðangursskipa fara oft hringinn í kring um Ísland heimsækja lítil bæjarfélög sem hefðbundin skemmtiferðaskip gera sjaldan eða aldrei.

Nýlega héldu AECO í hringsiglingu um Ísland á skipinu Fridtjof Nansan, í samstarfi við Hurtigruten Expeditions. Markmiðið var að bjóða hagaðilum um borð í skipið og kynna þeirra áskorunum og tækifærum tengdum leiðangursskipum á Íslandi. Við hittum meira en 50 hagaðila á leiðinni, meðal annars rannsakendur frá rannsóknarmiðstöð ferðamála sem hyggja á aukið samstarf við AECO í framtíðinni.

Við fengum líka tækifæri til að taka þátt í einni fyrstu strandhreinsuninni í Clean up Iceland verkefninu sem AECO og meðlimir okkar vinna í samstarfi við Bláa herinn og heimafólk víðsvegar um landið. Verkefið er byggt á yfir 20 ára reynslu af strandhreinsunum á Svalbarða og ákvað AECO að breiða þær hefðir yfir til Íslands. Clean up Iceland er liður í Clean Seas sem herjar baráttuna við plastmengun sjávar.

Einnig héldum við þyrlu æfingu með Landhelgisgæslunni þegar skipið var á Patreksfirði en sú æfing kom í kjölfar náins samstarfs við Landhelgisgæsluna undanfarin 6-7 ár. Saman skipuleggjum við árlega Joint Arctic SAR viðburð með alþjóðlegri þátttöku, á Íslandi.

Með yfir 20 ára reynslu af samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila í Noregi, Svalbarða, Grænlandi og Kanada, kemur AECO með dýrmæta sérfræðipekkingu og innsýn í hvernig megi stýra sjálfbærri ferðamennsku á norðurslóðum. AECO býr yfir gögnum og

þekkingu um leiðangursskip og landtökur utan hafna á Íslandi. Við höfum safnað gögnum og þróað tæki og ferla sem gera ferðaþjónustu á viðkvæmum náttúru- og menningarstöðum mögulega. Við getum aðstoðað við upplýsta ákvarðanatöku og sjálfbæra stjórnunarhætti.

Hæfni AECO til að veita innsýn, reynslu og gögn frá öðrum svæðum getur verið mikils virði fyrir stefnumótun á Íslandi. Samtökin okkar starfa víðs vegar um norðurslóðir og við höfum tekist á við ýmsar áskoranir með góðum árangri og verið hluti af fjölmörgum reglu- og stjórnunarferlum á norðurslóðum. Með því að deila reynslu og lærdómi getum við stuðlað að þróun árangursríkrar stefnu sem kemur jafnvægi á hagvöxt, verðmætasköpun í ferðaþjónustu og umhverfisvernd.

Í ljósi sérfræðiþekkingu okkar og stöðu í greininni vill AECO leggja sitt af mörkum til vinnuhópsins, til dæmis með því að hafa mann í hópnum eða veita hópnum upplýsingar. Þátttaka okkar getur stuðlað að skilningi á greininni og hvernig skipafélög geta skuldbundið sig til sjálfbærra starfshátta. AECO hefur viðtæka reynslu í samvinnu við stjórnvöld, sveitarfélög og hagsmunaaðila við gerð leiðbeininga og staðla sem stuðla að ábyrgri ferðamennsku. Það, ásamt okkar gögnum, þekkingu á landtökum utan hafna og innsýn frá öðrum svæðum, gerir okkur að hæfum samstarfsaðila í þróun móttökustefnu fyrir skemmtiferðaskip. Við óskum þess vinsamlega að AECO verði með í samráðsferlinu til að veita innsýn og leggja sitt af mörkum til að móta vel upplýsta og skilvirka stefnu.

Þakka ykkur fyrir að íhuga okkar tillögur. Við hlökkum til að fá tækifæri til samstarfs og stuðla að sjálfbærri þróun leiðangursskipasiglinga á Íslandi.

Með kveðju,



Frigg Jørgensen
Executive director



Gyða Guðmundsdóttir
Head of Community Engagement



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. maí 2023
Tilvísun: M23050329 / 00.08.00 Almenn

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa. Þingskjal 383 - 410. mál.

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 17. maí sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa.

Ferðamálastofa fagnar áhuga þingmanna á málefnum ferðaþjónustunnar og móttöku og umgjörð skemmtiferðaskipa því málið er brýnt.

Efnislega er Ferðamálastofa sammála því sem kemur fram í tillögunni en gerir athugasemd við að Ferðamálastofa, sem fagstofnun ferðaþjónustunnar, eigi ekki sæti í starfshópnum. Í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni kemur fram að gætt verði að því að fulltrúar helstu hagsmunaaðila eigi sæti í starfshópnum en Ferðamálastofa er þar ekki talin upp. Ferðamálastofa lítur svo á að um mistök hafi verið að ræða af hálfu flutningsmanna tillögunnar og að Ferðamálastofa hafi ekki átt að vera undanskilin þátttöku í starfshópnum.

Á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytisins er að fara af stað viðtæk stefnumótun í ferðamálum. Málefni skemmtiferðaskipa heyrar þar undir og aðgerðir verða mótaðar um komu þeirra og móttöku hingað til lands. Gert er ráð fyrir að tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi á vorþingi 2024.

Ferðamálastofa telur því ekki þörf á að menningar- og viðskiptaráðherra skipi sérstakan starfshóp til að móta stefnu um svo afmarkaðan þátt ferðaþjónustunnar, þó mikilvægur sé, þar sem málefni skemmtiferðaskipa verða tekin fyrir í þeirri stefnumótunavinnu sem framundan er og þær tillögur verða lagðar fram á Alþingi til umræðu fyrir þingmenn.

Virðingarfyllt,
F.h. Ferðamálastofu
Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslusviðs.



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 26. maí 2023

Tilvísun: 2305083/0.7.6

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa

Visað er til erindis frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett þann 17. maí 2023 þar sem óskað er eftir umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, 383. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni hefur verið mikil aukning í komu skemmtiferðaskipa til landsins á undanförmum árum, að undanskildum þeim árum sem einkenndust af heimsfaraldri af völdum kórónuveiru. Um er að ræða bæði stór farþegaskip og einnig smærri skip, svokölluð leiðangursskip. Landhelgisgæslan hefur áður bent á að þau farþegaskip sem hingað koma og sigla milli hafna hér á landi fari ekki ávallt beina leið að næstu höfn, þau sigli um firði í útsýnisferðum og hafi jafnvel viðkomu og hleypi farþegum í land án þess að leggja að höfn. Siglingar þessara skipa eru oft um svæði sem eru illa eða ekki kortlögð og því fylgir óhjákvæmilega einhver hættu, bæði fyrir fólk og umhverfi. Landhelgisgæsla Íslands ásamt Samgöngustofu og Umhverfisstofnun hefur því bent á að það geti verið þörf á því að skoða það hvort bæta þurfi lagaumgjörð um tilkynningarskyldu um siglingaleiðir, landtöku utan hafna, siglingar kafbáta frá farþegaskipum og fleira. Vert er að taka fram að hjá Landhelgisgæslu Íslands er mikil þekking á siglingum, leiðsögu, siglingaöryggi og sjómælingum.

Nú er til umræðu á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, 975. mál, þar sem að einhverju leyti er komið á móts við þessi sjónarmið þar sem lagt er til að skipum yfir 300 brúttótonnum verði gert skylt að tilkynna um fyrirhugaða siglingaleið. Landhelgisgæsla Íslands hefur enn fremur bent á að æskilegt geti verið að kveða á um frekari tilkynningar í reglugerð svo sem þegar farþegar eru settir í land utan hafna. Um getur verið að ræða nokkurn fjölda fólks og ávallt getur verið einhver hættu búin þegar tugir eða hundruð manna eru ferjuð í land utan hafna þar sem jafnvel engin aðstaða er í landi til að taka á móti fólkinu. Til frekari skýringar vísar Landhelgisgæsla Íslands til umsagnar sinnar um nefnt frumvarp frá 12. maí 2023.

Með framangreint í huga styður Landhelgisgæsla Íslands að unnin verði stefna um móttöku skemmtiferðaskipa og leggur áherslu á að auk hagsmunaaðila verði tryggð aðkoma þeirra ráðuneyta og stofnana sem sérþekkingu hafa og að málaflöknum koma.

Virðingarfyllst,



Guðríður Margrét Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 26. maí 2023

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, 383. mál.153 löggjafarþing

Umsögn Áfangastaðastofa/Markaðsstofa landshlutanna

Áfangastaðastofur starfa samkvæmt samningi landshlutasamtaka sveitarfélaga og Ferðamálstofu en markmið samningsins er að mynda samstarfsvettvang sveitarfélaga innan hvers landshluta, stofnana ríkisins og ferðaþjónustunnar. Hér sinna áfangastaðastofur því hlutverki að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi hennar á viðkomandi landsvæðum í takt við vilja heimamanna. Áfangastaðastofur hafa einnig víðtækt hlutverk er varðar markaðssetningu ferðaþjónustu með beinni umsjón starfsemi markaðsstofu viðkomandi landshluta eða í samstarfi við ferðaþjónustu viðkomandi landshluta.

Áfangastaðastofur hafa víðtækt umboð samhliða mikilvægri þekkingu á framþróun ferðaþjónustu, því er afar mikilvægt að tryggja að fulltrúar áfangastaðastofanna eigi sæti í starfshópi sem fjallar um stefnumörkun um komu skemmtiferðaskipa.

Áfangastaðastofur/ Markaðsstofur landshlutanna lýsa stuðningi við efni þingsályktunarinnar um mikilvægi mótunar ramma fyrir starfsemi skemmtiferðaskipa á Íslandi. Hér rík þörf er mótun slíkrri stefnu í ljósi þess að komur skemmtiferðaskipa á árinu 2023 hafa aldrei verið fleiri og ef tekið er mið af eftirspurninni fyrir 2024, liggur fyrir að met ársins 2023 verði slegið þegar á næsta ári. Í raun er vinna þegar hafin til að mæta þróun mála, en áfangastaðastofurnar hafa undanfarna mánuði átt í samtali við Cruise Iceland sem leituðu eftir aðkomu áfangastaðastofanna vegna svæðisbundinnar sérfræðiþekkingar í ferðaþjónustu.

Við mótun stefnuramma er mikilvægt að hafa í huga að þarfir og áskoranir hvers svæðis eru mismunandi. Vissa þætti í slíkrri stefnumörkun þarf að skoða heildstætt yfir landið en aðra þætti með tilliti til hvers svæðis fyrir sig. Horfa verður til að innviðir og stoðkerfi svæða eru mismunandi og missterk, eins þarf að horfa til friðlanda innan svæða, lífsríkis, náttúruverndar, fólksfjölda, staðsetningar hafna og svo mætti lengi telja. Gæta þarf þess að

tekið verði tillit til ólíkra svæðisbundinna aðstæðna sem eru á milli landshluta þó hagsmunir þeirra og áskoranir séu að mörgu leyti sambærileg.

Áfangastaðastofurnar telja mikilvægt að gerð verði heildstæð og víðtæk stefna sem nær til landsins alls þar sem tekið er á þeim viðmiðum sem um ræðir í þingsályktunartillögum, til að mynda öryggismálum.

Því leggja áfangastaðastofur til að í kjölfar mótunar heildarstefnu verði unninn sérstakur stefnurammi og aðgerðaáætlun hvers landsvæðis fyrir sig. Svæðisbundinni stefnu væri gert að taka á þeim þörfum og áskorunum sem liggja fyrir á hverjum landshluta fyrir sig, eins og landtöku utan hafna, áhrifum á aðra ferðaþjónustu á svæðinu, innviðagreiningu og þjónustuþörf, tímasetningar og skipulag um móttöku skipa og bein og óbein áhrif ásamt verðmætasköpun á svæðunum.

Áfangastaðastofur hvers landshluta myndu leiða þessa vinnu sem samstarfsvettvangur sveitarfélaga, ferðaþjónustu og ríkis. Þar sem hér er um að ræða nýtt verkefni sem krefst upplýsingaröflunar, greiningarvinnu og síðan mótunar stefnu, þá þarf að gera ráð fyrir auknum fjárframlögum til áfangastaðastofa.

f.h Áfangastaðastofa landshlutanna

Sölvi Rúnar Guðmundsson
Áfangastaðastofa Vestfjarða

Arnheiður Jóhannsdóttir
Áfangastaðastofa Norðurlands

Þuríður Halldóra Aradóttir
Áfangastaðastofa Reykjanes

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir
Áfangastaðastofa Suðurlands

Kristján Guðmundsson
Áfangastaðastofa Vesturlands

Signý Ormarsdóttir
Áfangastaðastofa Austurlands

Alþingi
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2023
Tilv.:23051828 / AFJ

Efni: Umsögn Samgöngustofu við tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa – 383. mál

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 17. maí sl. þar sem óskað var umsagnar tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa.

Samgöngustofa fagnar tillögunni. Ljóst er að lagaramminn um móttöku skemmtiferðaskipa er víðfeðmur og eru margir aðilar, hvorutveggja opinberir sem og einkaaðilar sem koma þar að.

Samgöngustofa, Umhverfisstofnun og Landhelgisgæslan hafa útbúið leiðbeiningarit um helstu reglur sem gilda um skemmtiferðaskip sem koma hingað til lands og er vinna hafin við að uppfæra ritið sem gefið var út 2019.

Í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 kom jafnframt í ljós að stjórnvöld höfðu almennt ekki vald til að skilyrða eða hindra för skipa til landsins. Samgöngustofa telur að ef setja eigi stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa þá þurfi jafnframt að fylgja lagaheimildir til að fylgja henni eftir.

Þá vekur stofnunin athygli á að tillagan í núverandi mynd byggir á að niðurstöðu sé skilað fyrir 1. maí 2023 sem er liðinn. Jafnframt sé æskilegt að starfshópur sem sé skipaður hafi rúman tíma til vinnslu verksins enda málefnið víðfeðmt og heyrir undir ýmis ráðuneyti sem og undirstofnanir þeirra, þ.m.t. innviðaráðuneytið er lítur að eftirliti með erlendum skipum, umhverfis- og auðlindaráðuneytið er lítur að mengunarkröfum, umhverfisvernd og landtöku og menningar- og viðskiptaráðuneytið er lítur að málefnum ferðamannaíðnaðarins sem slíks. Þá þarf jafnframt að gæta þess að hver þau skilyrði sem skipum séu sett séu í samræmi við Hafréttarsamning Sameinuðu Þjóðanna en framkvæmd hans er á herðum utanríkisráðuneytisins sem og að eftirlit þarf að hafa með skipunum á siglingu og gæta að tollalögum en þau verkefni heyrir undir dómsmálaráðuneyti og ljármálaráðuneyti.

Samgöngustofa er reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum sem og hverjum þeim spurningum sem kunna að vera varðandi komur skemmtiferðaskipa hingað til lands.

Virðingarfyllt

Halldór Ó. Zoëga
deildarstjóri skipaefirlits

Aron Freyr Jóhannsson
lögfræðingur



Reykjavík 26. maí 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipta, 383. mál.

Hinn 24. maí 2023 barst Samtökum ferðaþjónustunnar – SAF beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipta, 383. mál. Um er að ræða tillögu til að fela menningar- og viðskiptaráðherra að skipa starfshóp til að móta stefnu um móttöku skemmtiferðaskipta í samráði við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, innviðaráðherra og dómsmálaráðherra.

Í ályktunni kemur fram að við skipan í starfshópinn yrði tryggt að helstu hagsmunaaðilar ættu sæti í hópnum. Með því yrði mótuð stefna um móttöku skemmtiferðaskipta þar sem tekið yrði á fjárhagslegum, samfélagslegum og umhverfislegum áhrifum skipanna. Þá kemur fram að jafnframt yrði starfshópnum sérstaklega ætlað að fjalla um þætti eins og landtöku utan hafna, kröfur um mengunarvarnir og um öryggismál. Enn fremur yrði starfshópurinn gert að gera úttekt á lagaumhverfi og skilgreina reglur þar um.

Á vettvangi SAF hefur þingsályktunni verið yfirfarin og gerðar eru eftirfarandi athugasemdir.

Aðgerðaráætlun Ferðamálastefnu 2030

Samtökin vilja benda á að í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnarinnar kemur eftirfarandi fram varðandi framahald vinnu og stefnumótun í ferðaþjónustu:

„Framtíðarsýn ferðaþjónustu til 2030, sem mótuð var á síðasta kjörtímabili, verður fylgt eftir með aðgerðaráætlun sem styður við bæði langtímamarkmiðin og áhersluatriðin 12 sem henni fylgdu“.

Á síðasta ári hóf menningar- og viðskiptaráðherra vinnu til að fylgja þessu verkefni eftir og uppfærði umræddan stefnuramma íslenskrar ferðaþjónustu 2030. Uppfærður stefnuramma var kynntur í ríkissjórnar 20. janúar sl., ásamt áformum um næstu skref við að fylgja eftir stefnurammanum og aðgerðarbinda. Miðað er við að stefnuramminn leggi grunn að næstu skrefum, en þau felast í gerð Ferðamálastefnu til 2030 og aðgerðaráætlunar til að fylgja eftir þeirri stefnu. Gert er ráð fyrir að stefnan og aðgerðaráætlun verði lögð fyrir Alþingi í formi tillögu til þingsályktunar um Ferðamálastefnu til 2030 og aðgerðaráætlun hennar, á vorþingi 2024.

Aðgerðir í aðgerðaráætlun þurfa að fylgja eftir framtíðarsýn, markmiðum og 12 áherslum sem koma fram í Ferðamálastefnu (sem byggir á framangreindum stefnuramma). Við gerð aðgerðaráætlunar verður haft opið samráð við ferðaþjónustuna og aðra haghafa (sem og við eftirfylgni aðgerða þegar aðgerðaráætlun liggur fyrir).

Frá janúar sl. hefur verið unnið að undirbúningi að verklagi við gerð aðgerðaráætlunar, í samræmi við ferðaþjónustu og aðra haghafa. Þá hefur ráðuneytið ákveðið að til að ná utan um verkefnið verði settir saman 7 starfshópar og þeim falið að skoða afmarkaða þætti stefnunnar og koma með tillögur að aðgerðum, hver á sínu sviði. Þ.e. að grípa framangreinda 12 áherslubolta og leggja til aðgerðir inn í aðgerðaráætlun. Þessir 7 starfshópar og verklagið framundan var kynnt í ríkissjórn 25. apríl 2023.

Samspil þingsályktunnar og aðgerðaráætlunnar

Þrátt fyrir að samtökin geti fallist á það með þingsályktunni að það sé mikilvægt að móta stefnu um móttöku skemmtiferðaskipta hér á landi þá verður að ætla að það sé ekki tímabært að skipa hann á þessari stundu enda eru stjórnvöld í framangreindri vinnu. Menningar- og viðskiptaráðuneytið hefur nú þegar skilgreint og afmarkað sjö starfshópa, útlistað hlutverk þeirra og fundið formenn til að stýra þeim. Á næstunni mun ráðuneytið skipa í starfshópanna. Verkefni einhverja þessara hópa mun taka á umhverfi skemmtiferðaskipta og hlutverki þeirra hér á landi. Hóparnir eru eftirfarandi, *Sjálfbærni og orkuskipti (Umhverfi)*, *Samkeppnishæfni og verðmætasköpun (Efnahagur)*, *Rannsóknir og nýsköpun (Þekking)*, *Uppbygging áfangastaða (Samfélag)*, *Hæfni og gæði*, *Heilsu-, veitinga- og hvataferðajónusta og Menningartengd ferðajónusta*.

Samtökin geta því ekki mælt með því að þingsályktunin verði samþykkt á þessari stundu.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðajónustunnar

Baldur Sigmundsson, lögfræðingur

Ágúst Elvar Bjarnason, verkefnastjóri

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Patreksfirði, miðvikudagur, 24. maí 2023
UST202305-230/E.K.E.
04.05

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa

Vísað er til erindis nefndar- og greiningarsviðs Alþingis (umhverfis- og samgöngunefndar), dags. 17. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, 383. mál.

Umhverfisstofnun hefur áður veitt umsögn um framlagða tillögu, 158. mál sem flutt var á 151. löggjafarþingi og ítrekar stofnunin þær ábendingar sem þar koma fram. Fyrri umsögn stofnunarinnar fylgir þessu skjali.

Umhverfisstofnun tekur undir það að þörfin á skýrari umgjörð um málaflökkinn sé brýn. Samkvæmt [greiningu Ferðamálastofu](#) verður árið 2023 metár í komum skemmtiferðaskipa til Íslands og ekki eru sjáanleg teikn á lofti um að draga muni úr þeim. Það er óumdeilt að slíkum fjölda gesta geti fylgt áskoranir sem mikilvægt er að bregðast við, eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar. Í því tilliti horfir Umhverfisstofnun m.a. til áhrifa á friðlýst svæði og í nýlegri [skýrslu um stöðu og áskoranir í þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum](#) eru álagstoppar og landtökur utan hafna dregnar fram sem slíkar.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að stefna um móttöku skemmtiferðaskipa skuli m.a. ávarpa landtökur utan hafna og reynslu annara þjóða. Með vísan í það vekur Umhverfisstofnun athygli á nýlegri skýrslu um landtökur skemmtiferðaskipa við Grænland og Ísland sem stofnunin vann í samvinnu við fulltrúa frá Grænlandi og Glacier Bay þjóðgarðinum í Alaska. Í skýrslunni eru m.a. greindar helstu hindranir á því að sjálfbærni er varðar umferð skemmtiferðaskipa á verndarsvæðum í löndunum tveim verði náð. Í henni eru jafnframt settar fram tillögur í tíu liðum með leiðum að mögulegum úrbótum. Skýrslan var unnin í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni en eitt verkefna nefndarinnar sneri að sjálfbærri ferðamennsku í norðri. Hér má finna framsetningu á efni skýrslunnar í aðgengilegum [söguvef \(e. storymap\)](#) ásamt tengli á [skýrsluna](#) sjálfa

Umhverfisstofnun telur rétt að meta hvort þörf er á að lagaumgjörð verði bætt um landtöku utan hafna, tilkynningaskyldu um fyrirhugaðar siglingaleiðir, takmarkanir á siglingum, siglingar kaþbáta frá farþegaskipum o.fl. Í nýlegu [svari umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra](#) við fyrirspurn á Alþingi kom fram að ráðherra hafi ákveðið að unnið verði frumvarp þar sem sett verði inn almenn heimild til stýringar eða takmörkunar á landtökum skemmtiferðaskipa í náttúruverndarlög.

Umhverfisstofnun styður að unnin verði stefna um móttöku skemmtiferðaskipa og ítrekar fyrri orð um mikilvægi þess að aðkoma þeirra ráðuneyta og stofnana sem að málaflokknum koma verði tryggð.

Virðingarfyllst,

Lilja Ólafsdóttir,
lögfræðingur

Edda Kristín Eiríksdóttir,
sérfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2021
UST202103-074/S.F.
04.03

Efni: Þingsályktunartillaga um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa - 158. mál

Vísað er til beiðni atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, 158. mál, sem barst með tölvupósti þann 3. mars sl.

Regluverk um siglingar farþegaskipa við Ísland byggir á alþjóðasamningum og íslenski löggjöf svo langt sem hún nær. Ísland er m.a. aðili að hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi á sviði siglingamála. Sem aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) hefur Ísland fullgilt flesta þá samninga sem gerðir hafa verið á vegum stofnunarinnar sem varða öryggi á sjó (SOLAS o.fl.), mengunarvarnir (MARPOL) og ábyrgð eiganda og rekstraraðila.

Ísland tekur einnig þátt í starfi Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) á sviði siglingaöryggis og mengunarvarna og eru innleiddar hér á landi ýmsar skuldbindingar sem leiða af EES-samningnum sem snerta umhverfismál og flest svið siglingamála. Skemmtiferðaskip eru von að fara eftir alþjóðlegum reglum og því auðvelt að kynna þær alþjóðareglur um mengunarvarnir skipa sem búið er að innleiða í íslensk lög og reglugerðir

Umhverfisstofnun telur hins vegar nauðsynlegt að styrkja lagagrunn um siglingaöryggi og umhverfismál þar sem sérreglur þurfa að gilda við landið. Koma skemmtiferðaskipa hafði aukist mikið áður en Covid-19 stöðvaði því sem næst komu ferðamanna til Íslands og má ætla að sú þróun haldi áfram þegar ferðaþjónustan verður aftur komin í gang. Aukning var mikil í komu stærri skipa og svokallaðra leiðangursskipa sem leita í landtöku í ósnertri náttúru. Það sem kallar á sérstaka stefnu og betri lagaumgjörð um komu skemmtiferðaskipa umfram aðra ferðaþjónustu er stærð skipanna og fjöldi farþega sem

stoppar við á mjög stuttum tíma og veldur óvenju miklu álagi á áfangastöðum og möguleika á stórslysum. Einnig hafa skipin aðgang frá sjó inn á svæði nálægt landi og á landi, þar sem lífríkið og náttúran getur verið viðkvæm og tjón óbætanlegt út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Áhættuþættir eru einnig út frá mengunarsjónarmiðum, t.d. bráðamengunarhætta vegna olíuskaða.

Umhverfisstofnun ásamt Samgöngustofu og Landhelgisgæslu Íslands hefur bent á framangreint og óskað eftir að lagaumgjörð verði bætt, m.a. um landtöku utan hafna, tilkynningaskyldu um fyrirhugaðar siglingaleiðir við strönd landsins, takmarkanir á siglingum yfir eða inn á afmörkuð svæði, siglingar kaþbáta frá farþegaskipum neðansjávar til náttúruskoðunar o.fl.

Umhverfisstofnun styður því að gerð verði stefna um móttöku skemmtiferðaskipa en telur nauðsynlegt að sá hópur sem vinni að stefnumótun um komu skemmtiferðaskipa verði einnig falið að gera tillögur að löggjöf um framangreind efni. Við þá vinnu er mikilvægt að tryggja aðkomu þeirra ráðuneyta og stofnana sem koma að málaflokknum.

Virðingarfyllt,

Sigurrós Friðriksdóttir
teymisstjóri

Lilja Ólafsdóttir
lögfræðingur



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Alþingishúsið
Reykjavík
althingi.is

Ungir umhverfissinnar

Rafstöðvarvegur 5-7
110 Reykjavík
umhverfissinnar.is

26. maí 2023

Umsögn um 889. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, Tillaga til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa

Ungir umhverfissinnar (UU) telja brýna þörf á stefnu og lagabreytingum um móttöku skemmtiferðaskipa og fagna því þessari þingsályktunartillögu. UU binda vonir við að stefnumótunin sem lögð er til myndi stuðla að minni loftmengun, minni losun gróðurhúsalofttegunda og minna álagi vegna ferðamanna á náttúru landsins.

UU telja að skýr viðmið og takmarkanir þurfi að setja um losun gróðurhúsalofttegunda sem og aðra loftmengun frá skemmtiferðaskipum. Sömuleiðis er þörf fyrir takmarkanir á losun úrgangs frá slíkum skipum og þyrftu viðeigandi viðurlög að fylgja slíkum takmörkunum. Einnig er mikilvægt að ábyrðasvið séu gerð skýr og að lagaheimildir til framfylgni slíkra reglna verði gerðar skýrar. Þessu þarf að fylgja nægilegt fjármagn.

Koma skemmtiferðaskipa hefur í för með sér áhættu á að [framandi tegundir](#) taki sér bólfestu við strendur landsins. Takmörk á fjölda skipa sem koma í hafnir og aðrar ráðstafanir geta minnkað þessa áhættu, en einnig er þörf á frekari ráðstöfunum til að draga enn frekar úr þessari hættu.

UU telja þörf fyrir skýran lagaramma sem gerir stjórnvöldum kleift að takmarka og stýra komum skemmtiferðaskipa hvort sem er vegna koltvísýringslosunar, mengunar af öllu tagi, ágangs á náttúru, móttökugetu hafna, fyrri brota á settum reglum eða annara viðeigandi ástæðna.

Taka ætti til greina mögulegan ávinning og skaðsemi komu ferðamanna með skemmtiferðaskipum í stærra samhengi og samanburði við aðra ferðamáta m.t.t. útblásturs gróðurhúsalofttegunda, efnahagslegum ávinningi, áhrif á náttúru, aðra mengun, o.s.fr. með það að markmiði að ýta undir sjálfbæra ferðamáta sem eru Íslandi til góðs til langs tíma litið.

Við stefnumótun telja UU að taka beri sérstaklega til greina sjónarmið í nærsamfélögum við hafnir sem skemmtiferðaskip leggja að landi og þeirra viðhorf til hvað séu viðunandi eða óviðunandi áhrif ferðamennsku. Sömuleiðis ætti að taka mið af þeim vísindarannsóknum sem þegar hafa kannað áhrif skemmtiferðaskipa hér á landi, bæði á [nærsamfélög](#) og [umhverfið](#).

Gæta þarf samræmis í gjaldtöku af skemmtiferðaskipum bæði innanlands og á norðurslóðum almennt til að styrkja stöðu sveitarfélaga gagnvart fyrirtækjum sem reka skemmtiferðaskip. Í samu mund ættu umhverfisviðmið fyrir skemmtiferðaskip að taka mið af norrænu samráði og samvinnu.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna,

Cody Skahan

Snorri Hallgrímsson

Sæunn Júlía

Cody Skahan, loftslagfulltrúi Ungra Umhverfissinna

Snorri Hallgrímsson, ritari Ungra umhverfissinna

Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, náttúruverndarfulltrúi Ungra umhverfissinna